

39.tbl.

11. okt. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Jarðböðin við Mývatn verða lokað
16.-31. október vegna framkvæmda

**Opnum aftur
1. nóvember kl. 12:00**



JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

www.jardbodin.is

Ágætu íbúar Þingeyjarsveitar



Ánægjulegt er að segja frá því að enn fjölgar í sveitarfélaginu en nú eru íbúar Þingeyjarsveitar orðnir 1498. Hefur þeim fjölgað um sex frá því í byrjun september og um 107 frá 1. janúar sl.

Félagsstarf aldraðra í dölunum er hafið og búið er að ganga frá ráðningu starfsmanns í Mývatnssveit og hefst starfsemi þar nú í vikunni. Félag eldri Mývetninga hóf vetrardagskrána í lok september með skemmtilegum viðburði þar sem góðir gestir sögðu frá rannsóknum á íslensku máli og menningu í Vesturheimi. Eldri Mývetningar hafa aðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins að Hlíðarvegi 6, með samningi þar um.

Skólasterfið fer almennt vel af stað og búið er að setja saman skólaþjónustuteymi sem samanstendur af einum aðila úr hverjum skóla. Hlutverk teymisins er m.a. að skipuleggja reglubundnar heimsóknir sálfræðings og talmeinafræðings í skólana. Skólaþjónustuteymið hefur einnig samstarf um önnur mál sem upp koma og tengjast þjónustu við nemendur. Markmið með teyminu er að auka og bæta þjónustu við nemendur og miðla þekkingu milli stofnana.

Vinna við nýja skólastefnu er langt kominn og í tengslum við lokafrágang hennar verður skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í öllum skólum sveitarfélagsins. Skólapúlsinn er hugsaður sem hluti af þróunarstarfi skóla. Með Skólapúlsinum geta skólar fengið réttmæt gögn til að vinna með í þróunarstarfi bæði við kortlagningu, mat og endurmat. Segja má að þetta sé lokahnykkurinn í gerð nýrrar skólastefnu sem verður kynnt fyrir íbúum síðar í haust.

Um miðjan september kom Ingimar Ingimarsson nýr sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs til starfa. Þjóðum hann velkomin í sveitarfélagið og hlökkum til samstarfsins.

Á 33. fundi sveitarstjórnar var gegnið frá ráðningu Ástu F. Flosadóttur í starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs, en frá því í mars sl. hefur hún starfað í 75% starfi sem verkefnastjóri fjölskyldumála og við þessa breytingu kemur hún í fullt starf hjá sveitarfélaginu. Óskum við Ástu til hamingju með stöðuna og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Með ráðningu í starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs er búið að fullmanna sviðsstjórstöður í samræmi við nýtt stjórnskipulag sem samþykkt var sl. vor.

Nú hefur verið auglýst eftir verkefnastjóra æskulýðs- tómsunda- og

menningarmála í fullt starf, áður var starfsmaður í 75% starfi sem æskulýðs og tómstundafulltrúi. Á síðasta ári var sagt upp samningi við Norðurþing um sameiginlegan fjölmenningarfulltrúa og með því gafst tækifæri að stækka þetta starf og færa fleiri verkefni þar undir.

Nýverið var auglýst eftir umsjónaraðila með þinghúsinu á Breiðumýri.

Með ráðningu nýrra umsjónarmanna er gerð sú breyting að þeir starfa samkvæmt verktakasamningi við sveitarfélagið. Við bjóðum velkomna til starfa fyrir sveitarfélagið þau Einar Örn Kristjánsson, Ástu Gísladóttir, Valþór Freyr Þráinsson og Agnesi Gísladóttir. Öll eru þau búsett á Breiðumýri. Bókanir sendist á breidumyri@thingeyjarsveit.is

Nú í september tókum við upp fasta viðveru lykilstarfsmanna á skrifstofu sveitarfélagsins í Reykjahlíð. Auk sveitarstjóra hafa Ásta Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Atli Steinn Sveinbjörnsson skipulagsfulltrúi og Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi fasta viðveru í október. Viðveran er auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og í Hlaupastelpunni. Einnig er hægt að óska eftir fundum utan auglýsts tíma og reynum við að verða við þeim óskum.

Nú liggur frammi til umsagnar tillaga að starfsleyfi fyrir heitloftspurrkun fiskafurða á Laugum. eru íbúar hvattir til að kynna sér tillöguna, en frestur til að skila inn athugasemdum er til 11. október og skulu þær berast heilbrigðiseftirliti Norðurlands. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins www.hne.is

Þingeyjarsveit samdi við Attentus – mannauð og ráðgjöf um að stýra vinnu við nýja mannauðsstefnu fyrir sveitarfélagið og ættu fyrstu drög að berast okkur í næstu viku. Grunnurinn að nýrri mannauðsstefnu var lagður á sameiginlegum starfsdegi allra stofnana sveitarfélagsins í ágúst. Samhliða gerð mannauðsstefnu hefur Þekkingarnet Þingeyinga tekið að sér að gera fræðslustefnu fyrir sveitarfélagið og sótt verður um styrk til verkefnisins gegnum fræðslusjóði.

Sveitarstjórn samþykkti sl. vor að skrifstofur sveitarfélagsins á Laugum yrðu fluttar í Seiglu. Að undanförmu hefur verið unnið að uppfærslu teikninga á Seiglu með það að markmiði að húsið nýtist sem best bæði fyrir skrifstofur sveitarfélagsins sem og verða þar rými til útleigu. Framkvæmdir eiga að hefjast fljótlega og er mikil tilhlökkun í starfsmanna-hópnum að flytja í rúmbetra húsnæði þar sem húsnæðið í Kjarna er orðið of lítið fyrir starfseminna eins og hún er í dag.

Nýlega litu þingmenn VG við á skrifstofu sveitarfélagsins og funduð með byggðarráði og sveitarstjóra. Það er alltaf gott og gagnlegt að hitta alþingsmennina okkar og ræða málefni sveitarfélagsins.

Eins og fram hefur komið áætlaði Flugfélagið Ernir að hætta flugi á Húsa-víkurflugvöll núna um mánaðarmótin en tap hefur verið á flugleiðinni um nokkurt skeið. Forsvarsmenn Ernir upplýstu byggðarráð Norðurbings um stöðuna í lok ágúst. Í framhaldi af því tóku sveitarstjórar Norðurbings og Þingeyjarsveitar upp samtal við Samgönguráðuneytið um aðkomu ríkisins að flugleiðinni með einhverjum hætti. Vegagerðin kom að málinu um miðjan september og hefur fundað með Flugfélaginu Erni. Þær viðræður hafa leitt til þess að hægt verður að fljúga áfram þessa flugleið næstu tvo mánuði. Samgönguráðuneytið, Vegagerðin og Flugfélagið Ernir hafa unnið mjög vel með sveitarfélögnum í þessu máli. Málinu er samt hvergi lokið og er nauðsynlegt að skoða almenningsamgöngur á svæðinu til framtíðar. Eins og íbúum er kunnugt um þá lokaði Sparisjóður Suður-Þingeyinga afgreiðslu sinni í Reykjahlíð. Þingeyjarsveit og Sparisjóðurinn hafa gert með sér samkomulag um að sparisjóðurinn hafi starfsstöð í húsnæði Sveitarfélagsins að Hlíðarvegi 6. Fyrst um sinn verður opið fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar. Fyrsti opnunardagur verður 18. október.

Sl. vor samþykkti sveitarstjórn þátttöku í verkefni á vegum forsætisráðuneytisins þar sem efnt er til almenningsamráðs um endurheimt vistkerfa og kolefnisbindingu í þjóðlendum. Samráðið fer að hluta til í gengum leik sem kallast landsleikur og er nú hönnun leikslins lokið. Landsleikurinn er nýsköpunarverkefni þar sem þú getur deilt þinni sýn og hugmyndum um framtíð hálandis Íslands! Skoðað landið sem aldrei fyrr og tekið þátt í spennandi umræðum við aðra þátttakendur. Þínar hugmyndir gætu haft áhrif á framtíðarskipulag hálandisins. Hægt er að taka þátt nafnlaust eða með innskráningu. Landsleikurinn er nýsköpunarverkefni sem er samstarf forsætisráðuneytisins og Háskóla Íslands sem hefur það að markmiði að auka þátttöku fólks í stefnumótun á sveitarstjórnarstigi sem og á landsvísu.

Þetta er leikur sem ömmur, afar, foreldrar og börn geta leikið saman.

Tengil á leikinn er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar hefur óskað eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar fyrir árið 2023. Óskað er eftir tilnefningum um einstaklinga, fyrirtæki, lögbýli eða stofnanir sem eru til fyrirmyndar í umhverfismálum, umhirðu eða umgengni í sveitarfélaginu. Við hvetjum íbúa til að senda inn tilnefningar og vekja með því athygli á því sem vel er gert í sveitarfélaginu. Nánir upplýsingar er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Slægjunefnd vinnur nú að undirbúningu Slægjufundar sem haldinn verður venju samkvæmt á fyrsta vetrardag, þann 28. október nk., í Skjólbrekku. Dagskrá hefst kl. 14.30 á Slægjufundi þar sem verður fjölbreytt dagskrá fyrir alla aldurshópa. Gestir koma með veitingar og leggja með sér á borð og gera má ráð fyrir glæsilegu veisluborði. Um kvöldið verður svo hið hefðbundna Slægjuball.

Undirbúningur fyrir fyrstu árshátíð Þingeyjarsveitar stendur nú sem hæst og er tilhlökkun í starfsmannahópnum að koma saman og gera sér glaðan dag. Því maður er manns gaman.

Ungur var eg forðum,

fór eg einn saman,

þá varð eg villur vega,

auðigur þóttumst

er eg annan fann,

maður er manns gaman. (47. erindi Hávamála)

Með haustkveðju,

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Landsleikurinn – Land Game



Þingeyjarsveit


Ertu til í að vera með í lýðræðislegri stefnumótun fyrir hálendið?

Taktu þátt í Landsleiknum – nýsköpunarverkefni þar sem þú getur deilt þinni sýn og hugmyndum um framtíð hálendis Íslands! Skoðuðu landið sem aldrei fyrr og taktu þátt í spennandi umræðum við aðra þátttakendur. Þínar hugmyndir gætu haft áhrif á framtíðarskipulag hálendisins. Slóðina á Landsleikinn er að finna inni á heimasíðu Þingeyjarsveitar og einnig á facebook síðu sveitarfélagsins.

Ready to leave a mark?

Join the Land Game and share your vision of the Highland's future through innovative democratic processes! Explore the Highlands like never before, as you make critical land use decisions and engage in thought-provoking discussions with fellow participants. Your choices could contribute to Highland's democratic future.

You can find the link to the Land game on our webpage (www.thingeyjarsveit.is) or our facebook



HAUSTFUNDUR KVENFÉLAGS REYKDÆLA

Verður haldinn í Dalakofanum fimmtudaginn
19.október kl.20:00

Nýir félagar ávallt velkomnir

-Aldrei er góðri liðskonu ofaukið.

Stjórn kvenfélags Reykdæla.

Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Ath ! Verðskrá

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.600.- m.vsk

heilsíðuauglýsing kr. 6.620.- m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Jólamarkaður verður haldinn laugardaginn 9. desember
n.k. í Vaglaskógi.

Handverksfólk og aðrir sem áhuga hafa á að sýna og selja sínar
vörur á markaðnum vinsamlegast hafið samband
við Rúnar í síma/netfang
896-3112/runar.isleifsson@skogur.is fyrir 10. nóvember n.k.

Takmarkað pláss í boði.

Skógræktin Vöglum



Haustfundur

Kvenfélags Ljósvetninga

verður haldinn
þriðjudaginn 17. október kl 20.00 í Birkimel.

Dagskrá, venjubundinn fundarstörf, léttar veitingar, önnur mál.

Nýir félagar velkomnir

Bestu kveðjur

Stjórn Kvenfélags Ljósvetninga



Bleik fjölskyldumessa

Bleik fjölskyldumessa verður í Þorgeirskirkju
sunnudaginn 15. október kl. 14:00.

Helga A. Erlingsdóttir ættuð frá Þverá í Dalsmynni, ætlar að segja okkur
sögu sína af baráttu sinni við brjóstakrabbamein.

Eftir messu býður stjórn Hollvínasamtaka Þorgeirskirkju upp á kaffi og bleikt
meðlæti.

Verið velkomin 😊